

# Fundargerð 855. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 15. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Áslaug M. Friðriksdóttir í fjarveru Halldórs Halldórssonar, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Margrét Lind Ólafsdóttir í fjarveru Gunnars Axels Axelssonar, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjórnar og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 854. fundar - 1610002SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 854. fundar stjórnar sambandsins frá 24. nóvember 2017.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Siðanefnd sambandsins - 1702046SA

Lögð fram fundargerð 13. fundar siðanefndar sambandsins frá 23. október 2017.

### 3. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 109. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 11. desember 2017.

*Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með virkilega vel heppnað skólaþing og felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri þökkum til starfsmanna sambandsins sem komu að undirbúningi og framkvæmd skólaþingsins.*

### 4. Fundir Jónsmessunefndar - 1701050SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 7. desember 2017.

### 5. Samstarfssáttmáli nýrrar ríkisstjórnar - 1712009SA

Stjórnarsáttmáli lagður fram til umræðu.

### 6. Starfsáætlun sambandsins 2017 með mati á árangri - 1610033SA

Lögð fram starfsáætlun sambandsins 2017 með mati á árangri.

## 7. Starfsáætlun sambandsins 2018 - 1711013SA

Lögð fram til staðfestingar starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2018.

Framkvæmdastjóri skýrði helstu þætti starfsáætlunarinnar og var hún staðfest með þeim breytingum að bæta umsjónar- og eftirlitshlutverki hjá framkvæmdastjóra vegna aðgerða til að bregðast við kennaraskorti, eftirfylgni skýrslu um menntun án aðgreiningar og gráum svæðum í velferðarþjónustu.

## 8. Breyting í stjórn Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga - 1712010SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 7. desember 2017, um breytingu í stjórn Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt að Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstra- og útgáfusviðs sambandsins, taki sæti í stjórninni í stað Magnúsar Karels Hannessonar, sem látið hefur af störfum hjá sambandinu.

## 9. Ný persónuverndarlöggjöf - 1610014SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 7. desember 2017, um nýja persónuverndarlöggjöf - undirbúning, kostnaðarmat o.fl.

Fyrirhuguð er setning nýrra laga um persónuvernd er byggja á reglugerð ESB nr. 2016/679, sem tekur gildi í ESB 25. maí 2018. Fyrir liggur að gerðina þarf að taka upp í íslenskan rétt en hún hefur enn ekki verið tekið upp í EES samninginn. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir samráði við dómsmálaráðuneytið vegna gerðarinnar en fengið þau svör að samráð sé ekki tímabært þar sem vinna sé of skammt á veg komin.

Stjórnin samþykkti svohljóðandi bókun:

Dómsmálaráðuneytið hefur upplýst að frumvarp til laga um persónuvernd verði kynnt í janúar 2018 og að stefnt sé að gildistöku laganna á sama tíma og í ESB eða 25. maí 2018. Vegna þessa vill stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttta mikilvægi þess að jafn viðamikið mál fái vandaða umfjöllun og samráð og að ekki megi gefa afslátt af slíkum kröfum. Skammur fyrirvari á lagasetningu kallar einnig á að skoðaðir verði möguleikar á aðlögunarfrestum fyrir sveitarfélögin.

Ný persónuverndarlöggjöf er afar umfangsmikil og mun hafa gríðarlega mikil áhrif á opinbera aðila sem og einkaaðila. Vegna þessa er brýnt að kostnaðarmat við undirbúning sé vandað enda ljóst að löggjöfin kallar á mikinn kostnað þar sem í tilviki sveitarfélaga þarf að kortleggja alla vinnu persónuupplýsinga, þjálfa alla starfsmenn, útbúa ferla og stöðluð skjöl, gera nýja samninga við alla vinnsluaðila og ráða persónuverndarfulltrúa. Er þessi undirbúningur gríðarlega mikilvægur í ljósi þess að sveitarfélög fara með mikið af viðkvæmum persónuupplýsingum. Þarf kostnaðarmatið jafnframt að gera ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði og því er mikilvægt að vakta kostnaðaráhrif löggjafarinnar og hvað hún þýðir í reynd fyrir sveitarfélögin.

#### **10. Fasteignaskattur af vindorkuveri - 1605097SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 6. desember 2017, um úrskurð yfirfasteignanefndar frá 30. nóvember 2017 um fasteignaskatt af vindorkuveri.

Stjórn sambandsins telur úrskurðinn undirstrika að brýnt er að fækka án tafar undanþágum frá fasteignamati, sbr. 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna. Niðurstaða yfirfasteignanefndar, þar sem um 80% mannvirkis er undanþegið fasteignamati, er óásættanleg fyrir sveitarfélög og felur að óbreyttu í sér verulegt tekjutap fyrir þau til framtíðar lítið, ef nýting vindorku til raforkuframleiðslu eykst. Að áliti stjórnarinnar er mikill vafi um hvort gildandi löggjöf samræmist ríkisstyrkjareglum Evrópuréttar. Stjórnin beinir því til ráðherra sveitarstjórnarmála að hann leggi fram lagafrumvarp um fækkun undanþága, þar sem lögð verði sérstök áhersla á að raforkumannvirki verði skattandlag.

#### **11. Tillögur Ferðamálaráðs um aðgerðir í þágu ferðaþjónustunnar - 1712007SA**

Lögð fram minnisblöð sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. desember 2017, um tillögur Ferðamálaráðs um aðgerðir gagnvart skammtímaleigu og tillögum Ferðamálaráðs um aðgerðir til að styrkja ferðaþjónustu á landsbyggðinni og ákvæði stjórnarsáttmála um ferðaþjónustu, ásamt tillögum sem Ferðamálaráð vann að beiðni ráðherra ferðamála, dags. 31. ágúst 2017.

Stjórn sambandsins fagnar framkomnum tillögum ferðamálaráðs og mælir með því að þeim verði hrundið í framkvæmd, í góðu samráði við sveitarfélög og aðra haghafa.

Stjórnin tekur undir mikilvægi þess að bæta eftirlit með skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis og telur að tillögur ferðamálaráðs geti aukið festu í framkvæmd eftirlits. Einnig er mikilvægt að í tillögunum er gert ráð fyrir því að skammtímaleiga geti þróast á forsendum viðkomandi sveitarfélaga, m.a. þannig að sveitarstjórn geti ákveðið lengd tímabils heimagingar.

Stjórnin er sammála mati ferðamálaráðs að styrking krónunnar dragi úr vilja ferðamanna til ferðalaga utan SV hornsins. Þær úrbætur í samgöngumálum, markaðssetningu landshluta og stefnumótun þar sem lögð verði áhersla á sérstöðu og styrkleika einstakra svæða, eru að áliti stjórnarinnar gagnlegar mótvægisáðgerðir. Stjórnin beinir því til ráðherra ferðamála að hann beiti sér fyrir því að tillögunum verði hrundið í framkvæmd sem fyrst.

#### **12. Niðurstöður könnunar um framkvæmd formannskjörs - 1604013SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 11. desember 2017, um niðurstöður könnunar um framkvæmd formannskjörs.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að leggja hugmyndir starfshóps um endurskoðun á samþykktum sambandsins til umfjöllunar á landsþingi sambandsins sem haldið verður 26.-28. september 2018.

**13. Niðurfelling vega af vegaskrá - 1712014SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 13. desember 2017, um niðurfellingu vega af vegaskrá, ásamt fylgiskjali.

*Stjórnin áréttar að vegalög sem samþykkt voru árið 2007 voru ekki kostnaðarmetin gagnvart sveitarfélögum og hefur ekki verið samið um hvernig sveitarfélögum verði bættur sá kostnaður sem þau verða fyrir vegna breytinga á vegaskrá. Stjórnin samþykkir að teknar verði upp viðræður við samgönguráðherra um málið.*

**14. Skýrsla um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga - 1612027SA**

Lögð fram til kynningar og umræðu skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. júlí 2017.

*Stjórnin hvetur allar sveitarstjórnir til að taka skýrsluna til umfjöllunar og felur jafnframt framkvæmdastjóra að leggja skýrsluna fyrir til umfjöllunar á landsþingi sambandsins sem haldið verður 26.-28. september 2018.*

**15. Áfangaskýrsla nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum - 1711028SA**

Lögð fram til kynningar og umræðu áfangaskýrsla nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 1. október 2017.

*Stjórnin hvetur allar sveitarstjórnir til að taka fyrirbyggjandi tillögur til umfjöllunar og felur jafnframt framkvæmdastjóra að leggja skýrsluna fyrir til umfjöllunar á landsþingi sambandsins sem haldið verður 26.-28. september 2018.*

**16. Landsbyggðarmál - frá fundi í Vík í Mýrdal - 1711030SA**

Lögð fram nokkur atriði sem Ísólfi Gylfa Pálmasyni, sveitarstjóra í Rangárþingi eystra, var falið sem stjórnarmanni í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, að vekja máls á eftir fund um tillögur að framtíðarsýn frá Markarfljóti að Örfæfum sem haldinn var í Vík í Mýrdal í nóvember 2017.

*Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vinna að lausn þeirra mála sem fjallað er um í erindinu í samræmi við stefnumörkun sambandsins eins og við getur átt, jafnframt því að gæta þess að þau viðfangsefni sem um er fjallað í erindinu fái umfjöllun við endurskoðun stefnunnar á næsta ári.*

**17. Tilnefning í samráðshóp um nám fullorðinna - 1712016SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 13. desember 2017, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, er tilnefnd í samráðshóp um nám fullorðinna.

**18. Upptökur og útsendingar á vegum sambandsins - 1711025SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað tækni- og upplýsingafulltrúa sambandsins, dags. 23. nóvember 2017, um upptökur og útsendingar á vegum sambandsins.

**19. Dýpkun hafnarsvæða - 1712012SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað Jóns Þorvaldssonar, aðstoðarhafnarstjóra Faxaflóahafna sf., dags. 29. nóvember 2017, um varp dýpkunarefna í sjó og umfjöllun Umhverfisstofnunar um málsmeðferð samkvæmt reglum útgefnum í desember 2016.

**20. Aðal- og ársfundir landshlutasamtaka sveitarfélaga 2017 - 1706006SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir aðal- og ársfunda landshlutasamtaka sveitarfélaga frá 2017, ásamt ályktunum aðalfunda.

Fundi var slitið kl. 15:15

---

Eiríkur Björn Björgvinsson

---

Skúli Helgason

---

Margrét Lind Ólafsdóttir

---

Jónína Erna Arnardóttir

---

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Sigurður Björn Blöndal

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Gunnhildur Ingvarsdóttir

---

Ísólfur Gylfi Pálmason

---

framkvændastjóri

---

ritari